

**Nd.**

**389. Frumvarp**

til laga um Jöfnunarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Þegar tekjur rikissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögbundnum og óhjákvæmilegum útgjöldum, skal leggja það, sem afgangs er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka og má ekki veita lán úr honum.

**2. gr.**

Verði tekjuhalli á rekstrarreikningi ríkissjóðs, meiri en svo, að hægt sé að greiða hann úr sjóði frá fyrra ári, skal hann greiddur úr Jöfnunarsjóði, ef fé hans hrekkur til.

**3. gr.**

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur ríkissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

**4. gr.**

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum ríkissjóðs.

**5. gr.**

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.